



Stjórn SSH 475. fundur

Mánudaginn 9. september 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð. Karl Magnús Kristjánsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru Guðrún Edda Finnbogadóttir úr samninganefnd SSH, Hrafnkell Á. Proppé frá SSH, Ebba Schram borgarlögmaður og Erik Tryggvi Striz Bjarnason sérfræðingur.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

a) Drög að samkomulagi kynnt.

Viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 hafa farið fram í umboði þriggja ráðherra, forsætis- samgöngu- og fjármálaráðherra og stjórn samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH) síðan á vormánuðum 2019. Viðræðurnar fóru m.a. fram með vísan til viljayfirlýsingar um viðræður um samgöngu á höfuðborgarsvæðinu sem undirrituð var af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu 21.september 2018 sem og skýrslu verkefnishóps um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 frá nóvember 2018. Stýrihópur viðræðna var skipaður af ráðherrunum þremur, formanni og varaformanni stjórnar SSH og borgarstjóra Reykjavíkur. Starfshópur (samninganefnd) var skipaður einum fulltrúa frá forsætisráðherra, einum fulltrúa frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og einum fulltrúa frá fjármála og efnahagsráðherra og þremur fulltrúum frá samtökum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að kynningarfundur um samkomulagið verði haldinn miðvikudaginn 11.september kl: 8 og felur framkvæmdastjóra að senda út tilkynningu til allra kjörinna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SSH samþykkir að vísa samkomulaginu til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu að lokinni undirskrift en gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórar sveitarfélaganna og fulltrúar ríkisstjórnarinnar undirriti samkomulagið 11.september n.k með með fyrirvörum skv. samkomulaginu.

Er framkvæmdastjóra falið að senda samninginn til aðildasveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu að lokinni undirskrift. Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.

b) Kynning á samkomulagi.

Þennan fundarlið sátu Þórmundur Jónatansson frá samgöngu-og sveitarstjórnarráðumeytinu og Kolbeinn Marteinnsson frá Athygli. Farið var yfir kynningarefni samkomulagsins.

Ekki fleira gert. Fundi lauk kl. 14:00

Páll Björgvin Guðmundsson
Fundarritari.